

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F104/2021

Reykjavík, 14. nóvember 2022

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Eins og kunnugt er hefur umboðsmaður að undanförnun haft til skoðunar að eigin frumkvæði ýmis atriði vegna laga nr. 105/2021, um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda sem tóku gildi í júní sl. Á meðal þess sem athugunin hefur lotið að er hvort og þá með hvaða hætti fjármála- og efnahagsráðuneytið, sem ber á ber nú ábyrgð á starfrækslu miðlags pósthólfs, hafi við innleiðingu laganna hugað að stöðu þeirra sem af einhverjum ástæðum standa höllum fæti gagnvart rafrænum miðlum, svo sem aldraðra, fatlaðs fólks og eftir atvikum útlendinga.

Í svarbréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins til umboðsmanns 13. október 2021 af þessu tilefni segir að ráðuneytinu sé umhugað um stöðu þeirra sem standa höllum fæti gagnvart stafrænum miðlum og að unnið sé að því að tryggja aðgengi allra að stafrænni þjónustu. Sérstaklega verði fjallað um aðgengi þessa hóps í væntanlegri innleiðingarátun og aðilum leiðbeint um framkvæmd í þeim efnun. Að því er best verður séð er þó ekki að finna slíka umfjöllun í innleiðingarátun sem birt var á vef Stjórnarráðsins í janúar sl. Í bréfi ráðuneytisins er jafnframt fjallað um vinnu við að tryggja jafnt aðgengi, m.a. kaup ríkisins á öllu hlutafé í Auðkenni ehf. í því skyni að tryggja aðgengi allra þjóðfélagshópa að rafrænum skilríkjum í farsíma sem og þróun nýs innskráningar- og umboðskerfis til að tryggja að hægt sé að veita stafræn umboð á öruggan og rekjanlegan hátt. Þá kemur fram í tölvubréfi framkvæmdastjóra stafræns Íslands til umboðsmanns 16. júní sl. að ráðuneytið hafi lokið við drög að fyrstu reglugerð um stafrænt pósthólf, en hún snúi að því hverjir geti sent skjöl í pósthólfið. Gert sé ráð fyrir að á síðari stigum kunní að vera rétt að setja einnig sérstaka reglugerð um önnur atriði sem lúti að pósthólfinu.


Í ljósi framangreinds, er þess óskað, sbr. 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ráðuneytið skýri hvernig unnið hafi verið að áformunum um að fjalla um stöðu þeirra sem standa höllum fæti gagnvart stafrænum miðlum í innleiðingarátun samkvæmt gildistökuákvæði laga nr. 105/2021. Enn fremur er þess óskað að umboðsmaður verði upplýstur nánar um stöðu þeirra atriða sem nefnd eru í bréfi ráðuneytisins og lúta að vinnu við að tryggja jafnt aðgengi allra að stafrænu pósthólfi. Í þessum efnun er einnig höfð hliðsjón af því að í álitum efnahags- og viðskiptanefndar þingsins 3. júní 2021 um frumvarp til laga nr. 105/2021

er ráðherra hvattur til þess að hafa samráð við hagsmunasamtök fatlaðs fólks við gerð innleiðingaráætlunar þannig að réttur þeirra til aðgangs að stafrænu pósthólfi verði tryggður (þskj. 1607 á 151. löggjafarþingi 2021-2021, bls. 2).

Að endingu er þess óskað að ráðuneytið skýri hvernig svör stafræns , sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið, í tölvubréfi 16. júní sl. um fyrirhugað efni reglugerðar samkvæmt 9. gr. laga nr. 105/2021, sem kveður á um skyldu ráðherra til þess að setja reglugerð um nánari framkvæmd tiltekinna ákvæða í lögnum, samræmist efni lagagreinarinnar. Er þá haft í huga að af tölvubréfinu verður ekki annað ráðið en að fyrirhuguð reglugerð muni einungis ná til þeirra atriða sem fram koma í 4. tölulið 9. gr., sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna.

Þess er óskað að umbeðin svör berist ekki síðar en 5. desember nk.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Skúli Magnússon', is written over the typed name below it.

Skúli Magnússon